



Hreppsnefnd 09.03.2006

Hreppsnefnd 09.03.06

**Hreppsnefndarfundur fimmtudaginn 9. mars 2006
kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.**

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Emil Sigurjónsson, Ólafur Ármannsson, Bragi Vagnsson, Borghildur Sverrisdóttir, Steindór Sveinsson og Ólafur B. Valgeirsson.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 23. febrúar sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 23. feb. sl.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Fundargerð menningarmálanefndar frá 15. febrúar sl.
Lögð fram til kynningar.
Nokkur umræða átti sér stað varðandi einstaka liði í fundargerð.

3. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 9. febrúar sl.
Fundargerð bygginganefndar frá 9. feb. sl. lögð fram.
Allmikil umræða fór fram um einstaka liði fundargerðar, einkum 5. lið er varðar gáamál í sveitarfélaginu.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

4. mál. Gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs; samningur um sérfræðiráðgjöf.
Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu og kynnti samningsdrög um sérfræðiráðgjöf um gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs. Unnið er að slíkri áætlun í samvinnu 11 sveitarfélaga á Austurlandi.

Umræða átti sér stað um stöðu mála viðvíkjandi meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu, flokkun sorps og breytingar á gámasvæði m. t. t. lokunar þess og gæslu. Lýstu nefndarmenn almennt yfir vilja til að þessi mál verði skoðuð og miðað við að gámasvæði verði girt og lokað. Gerð verði áætlun um flokkun sorps og hafist handa við flokkun þess með tilliti til þess að minka magn sorps sem til urðunar fer.

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi samning samhljóða og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

5. mál. Brunavarnir Norðaustursvæðis, bréf Þórshafnarhrepps frá 21. feb. sl. og svarbréf slökkviliðsstjóra frá 27. feb. sl.

Lagt fram bréf frá Þórshafnarhreppi varðandi samning um brunavarnir Norðaustursvæðis, dags. 21. feb. sl. Jafnframt lagt fram svarbréf slökkviliðsstjóra frá 27. feb. sl. Bréf þessi hafa verið send sveitastjórnnum þeirra sveitarfélaga sem hafa verið þátttakendur í samrekstri þessum.

Gerð var grein fyrir málinu þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum hvað þessi mál varðaði.

Síðan var lögð fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga frá endanlegum slitum á samvinnu þeirri sem í gangi hefur verið milli sveitarfélaganna um brunamál samkvæmt samningi dags. 13. apríl 2005. Ennfremur að ganga frá breyttu ráðningarformi slökkviliðsstjóra til samræmis við það.”

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt samhljóða.

6. mál. Tilboð Hagtaks h/f, vegna viðbótarverks við Miðbryggju frá 22. feb. sl.

Lagt fram tilboð Hagtaks í viðbótarverkþætti við hafnargerð á Vopnafirði. Gerð var grein fyrir fyrirliggjandi gögnum.

Hreppsnefnd samþykkti síðan fyrir sitt að fela hafnarstjóra að undirrita viðbótarsamning á grundvelli fyrirliggjandi tilboðs.

Málinu jafnframt vísað til hafnarnefndar.

7. mál Ýmsar fundargerðir og erindi:

a) Bréf fasteigna- og skipasölu Austurlands fyrir hönd Sunnudals ehf., dags. 22. feb. sl., varðandi aðilaskipti á hluta jarðarinnar Þorvaldsstaðir. Nokkrar umræður áttu sér stað varðandi þennan lið. Í þeim efnum var meðal annars bent á umfjöllun Búnaðarþings barðandi landakaupamál.

Lagt fram til kynningar.

b) Skýrsla um viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum á Norðaustursvæði Austurlands, unnin í febrúar 2006.

Lögð fram til kynningar

c) Landgræðasla ríkisins bréf dags. 2. mars sl. varðandi verkefnið “Bændur græða landið”. Vopnafjarðarhreppur hefur komið að þessu verkefni í samvinnu við bændur á liðnum árum og ráðgert er að svo verði áfram.

d) Bréf Siglingastofnunnar, dags. 27. feb. sl., varðandi samgönguáætlun 2007-2010.

Erindinu vísað til hafnarnefndar og hafnarstjóra falið að vinna drög að framkvæmdaáætlun.

Fleira ekki gert og fundi kl. 17.30